

2. fundur landssambandsstjórnar DKG haldinn 30. ágúst 2021 – fjarfundur

Mættar eru: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari, Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir Þetadeild, gjaldkeri, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, fráfarandi forseti og Eygló Björnsdóttir, vefstjóri.

1. Kynning á nýjum gjaldkera

Guðrún Edda setur fundinn og kynnir til leiks nýjan gjaldkera, Kristínu Helgadóttur, úr Þetadeild. Konur í stjórn kynna sig stuttlega.

2. Fundargerð síðasta fundar

Guðrún Edda leggur fram til samþykktar fundargerð Anítu frá fundi 9. ágúst en allir fengu hana senda í tölvupósti. Stjórnin samþykkir fundargerð með breytingartillögum.

3. Framkvæmdaráðsfundur 3. sept. nk. - dagskrá

Guðrún Edda fer yfir dagskrá framkvæmdaráðsfundar en ákveðið var á síðasta fundi að hún skyldi vera rafræn á Zoom þann 3. september nk. Umræður um einstaka liði og flutning einstakra erinda. Guðrún Edda útskýrir lausa enda í skipun í nefndir og embætti landssambandsins. Umræður og frekari tillögur að nýjum konum til að starfa fyrir landssambandið. Í lok fundar spunnust umræður um haustþing og vorþing, tímasetningar og hvort þing skyldu haldin í raunheimi eða á Zoom. Ákveðið að bera fyrirkomulag haustþings undir framkvæmdaráðsfund en gera ráð fyrir einum degi í Reykjavík fyrstu helgi í maí fyrir vorfund og hafa fyrirkomulagið opið til umfjöllunar og breytinga með tilliti til ástands í þjóðfélaginu er að honum kemur.

4. Framkvæmdaáætlun - drög

Guðrún Edda birtir drög að framkvæmdaáætlun til að leggja fyrir framkvæmdaráðsfund. Umræður um einstaka liði og ráð þegin frá Ingibjörgu Elsu fráfarandi forseta. Áhersla lögð á að deildir kynni starf samtakanna út á við og að konur taki virkan þátt í að kynna sig og verk sín og þær hvattar til að deila áhugaverðu efni með því að nota þekkingarhnappinn á vef sambandsins. Nokkuð rætt um breytta tíma vegna Covid og tæknimöguleika sem hafa opnast á tímum farsóttarinnar.

5. Önnur mál

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21:15

Fundargerð ritaði Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir